



ÞG Verktakar ehf.

Umhverfisuppgjör

2019

ÞG Verktakar ehf.
Lágmúla 7, 108 Reykjavík
kt. 581198-2569

Skýrsla og áritun forstjóra	3
Áritun vottunaraðila	4
Um ÞG Verktaka ehf. og umfang uppgjörs	5
Árið 2019 í hnotskurn	6
Rekstrarupplýsingar	7
Umhverfisuppgjör	7
Aðferðafræði og skýringar	11

Skýrsla og áritun forstjóra

Um árábil hefur umhverfisvitund okkar hjá ÞG Verki verið að aukast en á árinu 2018 tók ÞG verk stór skref varðandi umhverfismál í framkvæmdum sínum. Fyrirtækið setti sér umhverfisstefnu sem birtist í Umhverfisskýrslu ÞG Verks. Jafnframt gerði ÞG Verk Umhverfissuppgjör fyrir árið 2018 þar sem kolefnisfótspor vegna framkvæma á vegum fyrirtækisins á árinu er mælt.

Segja má að hvatinn hafi verið margþættur. Auðvitað hefur umræða og almennt vitund um umhverfismál tekið stakkaskiptum á undanförunum misserum en á árinu 2017 fékk ÞG Verk tækifæri til að taka þátt í byggingu Svansvottaðrar byggingar. Þar erum við að tala um smáibúðabygginguna sem Ikea reisti í Urriðaholti, en þar var ÞG Verk verktaki við uppsteypu og við frágang hússins að mestu leyti.

Á sama tíma vorum við með íbúðaverkefni í framkvæmd á Holtsveginum í Urriðaholti og nú erum við að klára annað slíkt verkefni efst í Urriðaholtinu, í Vínatræti. Urriðaholtið er fyrsta hverfið hér á landi til að hljóta vistvottun samkvæmt vottunarkerfi Breeam Communities. Aðkoma og áhugi okkar á umhverfisþáttum sem snerta okkar starfsgrein hefur því m.a. þróast með þessum verkefnum.

Eitt af útboðsverkum ÞG Verks nú er uppsteypa nýrra höfuðstöðva Landsbankans við Austurhöfn. Við hönnun og byggingu þess verkefnis er verið að vinna skv. Breeam staðli. Þær kröfur sem þar eru gerðar setja okkur vel skilgreindar reglur m.a. varðandi vöktun á orkunotkun, sorpflokkun, endurnýtingarhlutfalli, meðferð spilliefna o.s.frv. Grunnhugmyndafræðin gengur út á að þessir þættir séu eins og best gerist í byggingariðnaðinum.

Það stefnir í að byggingum hér á landi þar sem gerðar eru kröfur um Breeam vottun eða aðrar umhverfisvottanir muni fjölga á næstu misserum. Þar er framkvæmdaþátturinn og kolefnisfótspor hans hluti af heildarmyndinni. Við finnum fyrir mikilli vakningu varðandi þessi mál og kröfur varðandi umhverfisþáttinn eru að verða æ fyrirferðarmeiri í þeim verkefnum sem eru á útboðsmarkaði, sérstaklega í opinbera geiranum. ÞG Verk er stolt að fá að vera virkur þátttakandi í þeirri vegferð.


Þetta er spennandi verkefni og ýtir okkur út í að taka stór skref í umhverfisstjórnun í framkvæmdum. Við erum þarna að læra margt sem við munum nýta okkur í öðrum verkefnum okkar í framtíðinni.

Umhverfissuppgjör ÞG Verktaka fyrir árið 2019 er gert í samræmi við ESG leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019, leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu Þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI100-400) og meginviðmið (e. Reporting Principles, P1-10) alþjóðasáttmála Sameinuðu Þjóðanna (United Nations Global Compact, UNGC).

Félagið notar stafræna tækni til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna og miðlun upplýsinga sem tengjast samfélagslegri ábyrgð.

Forstjóri staðfestir hér með umhverfissuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl, 2020.



Þorvaldur H. Gissurarson, Forstjóri, ÞG Verktakar ehf.

Áritun vottunaraðila

Vottunaraðili: Jón Ágúst Þorsteinsson

Vinnsluaðili: Sigríður Ragna Sverrisdóttir

Gagnasérfræðingur: Höskuldur Arason

Við höfum aðstoðað við gerð umhverfissuppgörs ÞG Verktaka fyrir árið 2019. Uppgjörið byggist á þeim upplýsingum sem umhverfisstjórnunarkerfi félagsins hefur safnað saman yfir árið, ásamt þeim gögnum sem færð hafa verið inn sérstaklega um samfélagsþætti og stjórnarhætti. Umhverfissuppgjórið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti félagsins.

Við höfum skipulagt og hagað okkar vinnu í samræmi við leiðbeiningar Nasdaq frá 2019 og meginreglur Greenhouse Gas Protocol aðferðafræðinnar (**Relevance, Accuracy, Completeness, Consistency, Transparency**).

Klappir EnviroMaster safnar gögnum eins örugglega frá upprunastað gagna og núverandi tækni leyfir. Losun gróðurhúsalofttegunda, sem birt er fyrir allar fyrrnefndar eignir, er reiknuð í tCO₂í og birt í umhverfissuppgjöri þessu.

Ég staðfesti hér með, með undirskrift minni, að þau gögn ÞG Verktaka sem birt eru í umhverfissuppgjöri þessu fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember 2019, hafa verið yfirfarin og metin eftir bestu vitund.

Reykjavík, 20. apríl, 2020.



Dr. Jón Ágúst Þorsteinsson

Forstjóri Klappa grænna lausna hf.

Um ÞG Verktaka ehf. og umfang uppgjörs

ÞG Verk var stofnað árið 1998 af Þorvaldi H Gissurarsyni sem er forstjóri og eigandi félagsins. Félagið er byggt upp á traustum grunni og hefur staðið af sér öll áföll í íslensku efnahagslífi sem og íslenskum byggingariðnaði. Markmið félagsins hefur ávallt verið að skila góðu verki til sinna viðskiptavina á íbúðamarkaði sem og útboðsmarkaði, að stunda traust og örugg viðskipti og uppfylla væntingar viðskiptavina.

ÞG Verktakar hafa sett sér eftirfarandi umhverfismarkmið:

- Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Minnka úrgang til urðunar með bættri flokkun sorps.
- Viðhafa ábyrga stýringu á notkun raforku og vatns.
- Mæla og miðla upplýsingum um stöðu og árangur í umhverfismálum.
- Auka umhverfisvitund starfsmanna.

Skipulagsmörk (e. Organizational Boundaries)

Við gerð losunarpjögjers ÞG Verktaka hefur „Operational Control“-aðferðafræðin orðið fyrir valinu. Samkvæmt henni gerir fyrirtæki grein fyrir allri losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur yfirráð yfir. Fyrirtækið gerir ekki grein fyrir losun gróðurhúsalofttegunda frá þeim rekstrareiningum sem það hefur ekki yfirráð yfir þrátt fyrir að það eigi hagsmuna að gæta af rekstri þeirra.

Undir uppgjör ÞG Verktaka falla sex systurfélög félagsins: ÞG Selfoss, ÞG Íbúðir ehf., ÞG Hús ehf., ÞG Atvinnuhús ehf., Reykjavík Development ehf., Bryggja 2. ehf.

Rekstrarmörk (e. Operational Boundaries)

Innan rekstrarmarkna ÞG Verktaka er losun í umfangi 1 og umfangi 2 fyrir eftirfarandi rekstrareiningar: Höfuðstöðvar ÞG Verktaka, óseldar eignir og ökutæki í rekstri. Þeir þættir, sem taldir eru fram í umfangi 3 í uppgjöri ÞG Verktaka, eru: úrgangur frá rekstri ÞG Verktaka ehf. og úrgangur frá óseldum eignum sem ÞG Verktakar ehf. greiðir fyrir.

Viðmiðunarár ÞG Verktaka er 2019.

Árið 2019 í hnotskurn

Á árinu 2019 var unnið við að móta og setja upp reglur um meðhöndlun úrgangs. Þeir meginþættir sem ÞG Verk beindi sjónum sínum að var annars vegar byggingarúrgangurinn og hins vegar orkunotkun í framkvæmdum.

Varðandi byggingarútganginn þá hefur fyrsta skrefið verið að bæta flokkun til að auka endurnýtingarhlutfall og stuðla þar með að minni urðun úrgangs. Segja má að þar séum við á sömu vegferð og sorpmóttökuaðilar og aðrir sem hafa látið sig þessi mál varða. Urðun úrgangs var mikið í umræðunni á árinu 2019 og mikilvægi þess að minnka hana til framtíðar. Áskorunin nú er einnig að skoða hvernig við getum minnkað úrgang miðað við umfang starfsemi okkar á hverjum tíma.

Hvað orkunotkunina varðar þá er ÞG Verk að horfa til leiða til að nota græna orku sem mest, þ.e. rafmagn og heitt vatn í stað jarðefnaeldsneytis. Það höfum við gert með því að horfa t.d. til rafmagnsbíla við reglulega endurnýjun á bílafloata. Við fylgjumst einnig með þróun í notkun grænna orkugjafa í þeim vinnuvélum sem við notum í framkvæmdum okkar.

En það þarf líka að horfa á heildarorkunotkun, þótt hún sé græn, og reyna að minnka hana miðað við umfang starfseminnar hverju sinni. Tækifærin þar eru t.d. varðandi ábyrga stýringu á notkun raforku svo sem við lýsingu á vinnusvæðum og vatns við kyndingu húsnæðis í byggingu.

Gríðarleg breyting hefur orðið á framsettri losun frá umfangi 3 (sem er að megninu til úrgangur) í rekstri ÞG verktaka, milli áráanna 2018 og 2019. Þessi mikla breyting helgast af bættri úrgangsumhirðu, sorpflokkun og fyrst og fremst skráningu. Á árinu 2018 er stór hluti úrgangs skráður í blandaða sorpflokka sem hafa háa losunarstuðla en skráning úrgangs fyrir árið 2019 er miklu mun réttari og því reiknast losun frá úrgangi umtalsvert minni en fyrir árið á undan. Vegna þessa verður árið 2019 viðmiðunarár ÞG Verktaka.

Rekstrarupplýsingar

Rekstrarbreytur	Einingar	2018	2019
Heildartekjur	ma. ISK	10,040	8,023
Eigið fé	ma. ISK	1,431	1,899
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	154	142

Umhverfisuppgjör

Gróðurhúsalofttegundir	Einingar	2018	2019
Umfang 1	tCO ₂ i	219.7	195.9
Umfang 2 (landsnetið)	tCO ₂ i	76.6	90.9
Umfang 2 (með markaðsaðgerðum)	tCO ₂ i	-	-
Umfang 3	tCO ₂ i	300.5	136.9
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ i	596.8	423,6
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ i	-	-
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ i	596.8	423,6

E1|UNGC: P7|GRI 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHG Emissions|TCFD: Metrics & Targets

Losunarkræfni	Einingar	2018	2019
Losunarkræfni orku	kgCO ₂ i/MWst	62.7	38.4
Losunarkræfni starfsmanna	tCO ₂ i/stöðugildi	3.88	2.98
Losunarkræfni veltu	kgCO ₂ iU/ma.ISK	59	53
Losunarkræfni eiginfjár	tCO ₂ i/ma. ISK	0.42	0.22

E2|UNGC: P7, P8|GRI 305-4 |SDG: 13|SASB: General Issue / GHG Emissions, Energy Management

Orkunotkun	Einingar	2018	2019
Orkunotkun í heild	kWst	9,517,712	11,036,810
Þar af orka frá lífoldsneyti	kWst	0	0
Þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	855,455	763,364
Þar af orka frá rafmagni	kWst	1,145,296	1,317,263
Þar af orka frá heitu vatni	kWst	7,516,961	8,956,183
Þar af orka frá upphitun	kWst	-	-

E3|UNGC: P7, P8|GRI 302-1, 302-2|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Orkukræfni	Einingar	2018	2019
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	61,803	77,724
Orkukræfni veltu	kWst/ma. ISK	948	1,375.6

E4|UNGC: P7, P8|GRI 302-3|SDG: 12|SASB: General Issue / Energy Management

Samsetning orku	Einingar	2018	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	9%	6.9%
Kjarnorka	%	-	-
Endurnýjanleg orka	%	91%	93.1%

E5|GRI 302-1|SDG: 7|SASB: General Issue / Energy Management

Vatnsnotkun	Einingar	2018	2019
Samtals vatnsnotkun	m ³	130,697	155,149
Kalt vatn	m ³	1,095	732
Heitt vatn	m ³	129,603	154,417

E6|GRI: 303-5|SDG: 6|SASB: General Issue / Water & Wastewater Management

Umhverfisstarfsemi	Einingar	2018	2019
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Nei	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	já/nei	-	-
Notar fyrirtækið þitt viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	-	-

E7|GRI: 103-2|SASB: General Issue / Waste & Hazardous Materials Management

Loftslagsyfirsýn / stjórn	Einingar	2018	2019
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-
<i>E8 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure A)</i>			

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2018	2019
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	-	-
<i>E9 GRI: 102-19, 102-20, 102-29, 102-30, 102-31 SASB: General Issue / Business Model Resilience, Systematic Risk Management TCFD: Governance (Disclosure B)</i>			

Loftslagsyfirsýn / stjórnendur	Einingar	2018	2019
Árleg heildarfjárfesting í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	ma. ISK	-	-
<i>E10 UNGC: P9 SASB: General Issue / Physical Impacts of Climate Change, Business Model Resilience TCFD: Strategy (Disclosure A)</i>			

Meðhöndlun úrgangs	Einingar	2018	2019
Samtals úrgangur	kg	1.379,950	1.218,080
Þar af flokkaður úrgangur	kg	790.150	641.100
Þar af óflokkaður úrgangur	kg	589.800	576,980
Endurunnið / endurheimt	kg	458.190	555.110
Urðun / förgun	kg	847.050	662.970
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	57,3%	52,6%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	33,2%	45,6%

Úrgangskræfni	Einingar	2018	2019
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	8.960,7	8.578
Úrgangskræfni veltu	kg/ma.ISK	137,4	151,8

Helstu orkugjafar bifreiða	Einingar	2018	2019
Samtals eldsneytisnotkun í lítrum	lítrar	85.880	76.751
Metan	lítrar	-	-
Bensín	lítrar	12.411	12.306
Dísilolía	lítrar	73.470	64.445
Vetni	lítrar	-	-
Samtals eldsneytisnotkun í kg	kg	71.757	64.008
Metan	kg	-	-
Bensín	kg	9.308	9.230
Dísilolía	kg	62.449	54.778
Vetni	kg	-	-

Mótvægisáðgerðir	Einingar	2018	2019
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	-	-
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	tCO ₂ í	0	0
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	tCO ₂ í	0	0
Aðrar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	-	-

Kolefnisgjöld	Einingar	2018	2019
Kolefnisgjald, gas- og dísilolía	ISK/líttra	9,45	10,4
Kolefnisgjald, bensín	ISK/líttra	8,25	9,1
Kolefnisgjald, eldsneyti	ISK/kg	11,65	12,8
Kolefnisgjald, hráolía o.s.frv.	ISK/kg	10,35	11,4
Samtals kolefnisgjald (ESR)	ISK	796.682	782.213
Samtals kolefnisgjald (ETS)	ISK	-	-

Aðferðafræði og skýringar

Við útreikninga á umhverfissuppgjöri ÞG Verktaka ehf. er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri.

1. Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda (E1)

The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

- Umfang 1 tekur saman beina losun gróðurhúsalofttegunda frá starfsemi fyrirtækis. Í tilfalli ÞG Verktaka ehf. afmarkast umfang 1 við losun frá ökutækjum vegna eldsneytisnotkunar.
- Umfang 2 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda sem tengd er raforkunotkun og notkun á heitu vatni. Losun af þessu tagi á sér ekki stað innan marka starfsemi fyrirtækisins og telst því til óbeinnar losunar.
- Umfang 3 tekur saman óbeina losun gróðurhúsalofttegunda í virðiskeðju ÞG Verktaka ehf. Sú losun, sem talin er fram í uppgjöri þessu, er losun vegna úrgangs frá starfsstöðvum fyrirtækisins.

Greint er frá losun gróðurhúsalofttegunda í tonnum af CO₂ ígildum (tCO₂i). Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svokallaðra koltvísýringsígilda (tCO₂e). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlúnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað. Til að mynda jafngildir metan (CH₄) u.þ.b. 25 koltvísýringsígildum og nituroxíð (N₂O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum.

2. Nettó kolefnislosun

Nettó kolefnislosun starfsemi sýnir nettó losun fyrirtækis með teknu tilliti til aðgerða til kolefnisjöfnunar.

3. Losunarkræfni (E2)

Tölur um losunarkræfni eru byggðar á samanlögðu; umfangi 1, umfangi 2 (landsnetið) og umfangi 3 (viðskiptaferðir og úrgangslosun). Losunarkræfni reiknast sem losun gróðurhúsalofttegunda á valda rekstrarþætti og er sett fram sem tCO₂i á einingu (svo sem tCO₂i á móti heildartekjum). Mælikvarðarnir mæla og bera losun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.

4. Bein og óbein orkunotkun (E3)

Heildarorkunotkun mælir alla orku sem nýtt er af fyrirtækinu, að meðtöldu því eldsneyti sem notað er á ökutæki fyrirtækisins (umfang 1) og orku frá rafveitum og heitu vatni (umfang 2). Orkunotkunin er sett fram í kílóvattstundum (kWst).

5. Orkukræfni (E4)

Orkukræfni reiknast sem heildarorkunotkun deilt í valda rekstrarþætti og er sett fram sem kWst á einingu (svo sem kWst á starfsmann í fullu stöðugildi). Mælikvarðarnir eru notaðir til að mæla orkunýtni og bera orkunotkun fyrirtækisins saman við stærð rekstrarins.